

BÖRN, LEIKIR OG LEIKFÖNG



VÖLUSKRÍN

LEIÐBEININGAR UM VAL LEIKFANGA

Leikföng eru mikilvæg uppeldistæki og í umgengni við leikföngin fær barnið ómissandi undirbúning undir ókominn tíma og kröfur er mæta því er leiknum sleppir.

*Gott leikfang örvar jákvæða þætti
í þroska barnsins.*

FYRSTA ÁRIÐ

Á fyrsta árinu er barninu allt nýtt og framandi en jafnframt spennandi. Með því að horfa, hlusta, smakka og þreifa kynnist það umhverfi sínu.

Barnið þarfnast hluta til að horfa á og fylgja eftir með augunum. Áður en barnið getur haldið á hlutum ætti að hengja yfir rúm þess litskrúðuga hluti t. d. óróa, blöðrur, bjöllur o. fl.

Ungbarnið þarf að heyra mikið af venjulegu talmáli en það þarf einnig að fá hluti sem gefa frá sér hljóð. Hringlur, mismunandi að gerð og lit, spiladósir og bjöllur, veita því mikla ánægju.



En það er ekki nóg að horfa, barnið verður líka að fá að snerta. Það uppgötvar líkama sinn, leikur sér að höndum sínum og tám, og er það fer að grípa eftir hlutum skoðar það þá í krók og kring, kreistir, bítur og sleikir. Leikföng til að handfjatla, mismunandi að stærð, gerð, lögun og lit, t. d. naghringir, hringlur, tuskubrúður og dýr koma að góðu gagni.

Útgefandi: Völuskrín og
Barnavinafélagið Sumargjöf
Útlit: Auglýsingastofa Kristínar hf.
Setning: Prentstofan Blik
Prentun: Svansprent

Í leiknum lærir barnið að þekkja líkama sinn og upp-
götvar að það getur stjórnað hreyfingum sínum. Um leið og
barnið fer að skriða hefur það gaman af leikföngum sem
velta í burtu frá því. Bolti, veltileikföng, trébílar og trédýr á
hjólum eru góð leikföng fyrir barn á þessu aldurskeiði.
Þegar barnið fer að geta setið finnst því gaman að rugga sér
eða róla.

Í lok fyrsta ársins er barnið mjög athafnasamt og
rannsakar nú umhverfi sitt. Það skoðar í skápa og skúffur og
einfaldir hlutir, sem taka má sundur og setja saman aftur,
hafa sérstakt aðdráttarafl.

Leikföng þurfa að vera sterk, litrík, skaðlaus og gott
að halda þeim hreinum, því að eins og áður segir kannar
barnið leikfangið með munninum engu síður en með augum
og höndum.

*Gott leikfang skerpur athyglisgáfu
barnsins og örvar ímyndarafl þess.*

EINS TIL TVEGGJA ÁRA BÖRN

Þegar barnið fer að ganga opnast því nýr heimur.
Hinir margvíslegu hlutir úr nánasta umhverfi barnsins verða
því skyndilega aðgengilegir og það tekur til við að rannsaka
þá af mikilli elju.

Eldhúsáhöld, svo sem pottar, sleifar og skeiðar, eru
ágæt leikföng á þessu skeiði, þau brotna ekki, auðvelt er að
ná á þeim taki, og með þeim má búa til skrýtin og skemmtileg
hljóð.

Barnið fer nú að herma eftir algengustu athöfnum úr
umhverfi sínu og gegna brúðan og bangsinn þar mikilvægu
hlutverki.

Í fyrstu gerir barnið þó lítið annað en halda á brúð-
unni, þrýsta henni að sér eða draga hana á eftir sér. En smám
saman kemur að því að það tekur til við að klæða „barnið“ úr
eða í, mata það hugga og svæfa. Hér kemur brúðuvagn að
góðum notum, en nauðsynlegt er að hann sé stöðugur og
einfaldur að allri gerð.

Aukinn hreyfiproski gerir barninu kleift að takast á
við ný og spennandi verkefni.

Strax og barnið fer að ganga hefur það unun af því að
ýta leikföngum eða draga þau í bandi, t. d. vagna og dýr.
Bílar og gönguhjól, sem hægt er að sitja á og spyrna áfram,
veita mikla ánægju og styrkja fætur barnsins.

En barnið þarf á fleiru að halda. Leikföng sem stuðla
að því að samhæfa huga og hönd og greina sundur mismun-
andi lögun, stærð, áferð og þyngd eru nauðsynleg.



Allt eru þetta mikilsverð atriði sem fullorðnir taka oft
sem sjálfsgöðan hlut og gleyma að eitt sinn þarf að læra. Hér
henta vel einföld leikföng eins og slagtré, ífelluspil og kassar
eða vagnar með kubbum í.

Foreldrar geta leiðbeint barninu og hjálpað því en
mikilvægt er að hvetja barnið til að leika sér sjálft, örva það
til að reyna þangað til því tekst að leysa verkefnið.

Öryggiskenndin er mikilsverður þáttur í leik lítils barns. Þegar það fer út tekur það oft með sér leikfang sem það þekkir vegna þess að það veitir öryggistilfinningu.

Börnum verður ævinlega mikið um ef eftirlætisleikfang skemmist. Óhætt er að fullyrða að það er aldrei sök ungs barns ef leikfang eyðileggst. Sökin er framleiðandanna eða vanþekking þeirra sem gáfu barninu leikfang sem hæfði því ekki.

Gott leikfang vekur hjá barninu frumkvæði og sköpunargleði.

ÞRIGGJA TIL SEX ÁRA BÖRN

Á þessu skeiði lífsins á forvitni barnsins sér engin takmörk. Leikirnir verða fjölbreyttari en áður og í vitund barnsins eru þeir alvarlegar athafnir og hafa tilgang.

Barnið sökkvir sér niður í leikinn sem er í senn vinna þess og nám. Það er óþreytandi við að setja á svið atburði og atvik og hver leikur veitir því nýja reynslu og er því ávinn- ingur.

Í leik lærir barnið að þekkja sjálft sig, umhverfið og aðstæður úr daglegu lífi. Það fær útrás fyrir athafnaþrá sína og öðlast leikni á ýmsum sviðum. Í leikjum við önnur börn vex hæfni þess til samskipta við aðra.

Leikurinn veitir mikla möguleika til málnotkunar, ný orð og hugtök lærast, og barnið tjáir tilfinningar sínar og hugmyndir.

En leikurinn er ávallt fyrst og fremst leikur og einmitt þess vegna nauðsynlegur.

Á þessum aldri er þörfin fyrir leikföng hvað brýnust og ætti barnið að eiga aðgang að mörgum gerðum leikfanga.

Leikföng þurfa að fylgja þroska barnsins og getu, þannig að ný og flóknari leikföng taki við af hinum einfaldari. Stórir hlutir fyrir litlar hendur og litlir hlutir fyrir stórar hendur.

SEX ÁRA BÖRN OG ELDRI

Nú er barnið um það bil að byrja í skóla. Kennslan er í fyrstu mjög í formi leikja og barnið endurtekur suma þeirra heima hjá sér, það lærir á endurtekningunni.

Barnið fer að fá áhuga á því að lesa og skrifa. Mörg gömlu leikföngin sín getur það notað í þeim tilgangi.

Leikurinn er enn mjög mikilvægur fyrir þroska barnsins – í augum þess er enginn munur á leik og vinnu.

Um leið og barnið fer að lesa verða breytingar í lífi þess. Jafnskjótt og það hefur lesturinn á valdi sínu opnast víðari sjóndeildarhringur og orðaforði eykst.



Leikföngin eru nú m. a. flóknar samsetningarþrautir, efniviður til mótunar og spil. Það getur nú sjálft lesið leikreglur og skýringar.

Rétt er að minna á að barninu er mikilvægt að hinir fullorðnu taki þátt í leikjum þess, spilum og umræðum, þar sem ótal spurningar vakna sem nauðsynlegt er að fá svör við.

Gott leikfang vekur forvitni barnsins, hvetur það til athafna og heldur athygli þess vakandi.

LEIKIR

Að þykjast vera og herma eftir

Barnið hefur þörf fyrir að leika að það sé stórt, það leikur mömmu, pabba, lækni, löggú og bílstjóra.

Þessir ímyndunar- og hlutverkaleikir endurspeglar reynsluheim barnsins og um leið brot úr menningu okkar og þjóðlífi.

Barnið lifir sig inn í og tileinkar sér ýmsa atburði sem gerast í kringum það og tjáir þá í leik sínum. Með þessu móti rifjar það upp fyrir sér og festir í minni það sem það hefur reynt, heyrt eða séð, án þess þó að um beina eftirlíkingu sé að ræða.



En barnið er ekki eingöngu að þykjast vera fullorðið í þessum leik. Það gefur tilfinningum sínum lausan tauminn og lætur í ljós meira eða minna dulda reiði, hræðslu, afbrýðisemi eða blíðu.

Pannig koma oft í ljós ýmis vandamál barnsins, sem það getur rætt um við annað barn eða fullorðna þegar það eldist, en við þriggja til sex ára aldur skilur það ekki hvað hræðir það eða veldur því áhyggjum og hefur ekki orðaforða til að tala um það.

Leikurinn er því barninu hjálp á sama hátt og það er hinum fullorðnu hjálp að tala um vandamál sín.

Að byggja

Kubbar eru mjög góð leikföng fyrir börn frá tveggja ára aldri.

Fullorðnu fólki finnst kubbar aðeins til að byggja úr en í augum þriggja til fjögurra ára barns geta kubbar táknað margt t. d. fólk, bíla eða skip. Þess vegna eru einfaldir kubbar bestir því þá fær ímyndunaraflið að njóta sín.

Kubbar af réttri lögun og gerð kenna barninu tölur og hlutföll. Þegar barnið byggir úr kubbum kemst það t. d. að því að tveir helmingar eru einn heill.

Það getur verið þó nokkur reikningsþraut að leggja brautir á gólfi, og til þess þarf samhæfingu hugar og handa.

Börn vinna saman að ákveðnum verkefnum og slíkt samstarf kennir þeim að meta og virða rétt sinn og annarra.

Eftir því sem barnið öðlast meiri reynslu og handlagni verða byggingarnar nákvæmari og flóknari og þá er þörf á fjölbreyttara byggingarefni.

Leikföng geta haft áhrif á viðhorf barns til jafnréttis kynjanna.

Að raða og aðgreina

Leikföng til að setja saman eða flokka efla handlagni barnsins og ímyndunarafl. Orðaforði eykst og það fer að átta sig á úr hverju hlutirnir eru gerðir, lit þeirra, fjölda, stærð og lögun.

Hlutir úr daglegu umhverfi barnsins, röðunar- og samsetningarleikföng henta til þessara leikja.

Púsluspil hjálpa barninu að þekkja lögun og mynstur en það er mjög nauðsynleg kunnátta þegar kemur að því að læra að lesa. Fyrstu púsluspilin eru í fáum stykkjum sem falla í ákveðna ramma.

Barnið raðar þeim aftur og aftur, nýtur þess að setja rétt stykki á réttan stað.

Spil af ýmsum gerðum auka athyglisgáfu og formskyn barnsins jafnframt því að þroska fíngerðar hreyfingar handarinnar.

Barnið skilur einföldustu spil eins og myndabingó og teningaspil en tilfinningin fyrir að fylgja spilareglum kemur sjaldan fyrr en við fimm til sex ára aldur.

Er barnið hefur náð fullu valdi á að raða myndaprautumum eykst sjálfstraust þess og það leggur út í stærri og flóknari verkefni, s. s. samstæðuspil, athyglis- og teningaspil og ýmis reikningsspil.

Leikföng geta haft áhrif á viðhorf barns til starfsgreina og val þess á starfi.

Að teikna, mála og móta

Sköpunargáfu má skilgreina sem getu til að hugsa, tjá í máli og starfi og tengja saman nýjar og frumlegar athafnir.

Barnið þarf að hafa tækifæri til að tjá reynslu sína í skapandi leik. Vatn, sandur og leir eru góður efniviður.

Að teikna, mála og móta er barninu eðlilegt tjáningarform. Það teiknar það sem það þekkir og hefur áhuga á.

Ávallt ber að hafa í huga að þegar barnið teiknar skiptir meira máli það sem gerist innra með því, en ekki sá árangur eða framleiðsla sem það skilar.

Ungt barn hefur engan áhuga á að teikna eftir öðrum myndum eða hlutum, það malar samkvæmt eigin reynslu og ímyndunarafli. Allt sem það sér í myndinni er mikilvægt.

Barnið hefur heldur ekkert á móti því að skýra myndir sínar fyrir fullorðnum en geðjast ekki að ef hlegið er að því.

Fullorðnir ættu að sýna myndsköpun barnsins áhuga og örva hana með því að fá því í hendur fjölbreyttan efnivið til að vinna úr s. s. vaxliti, stór blöð til að lita á, pensla, málningu í mörgum litum og leir.

Leikföng geta haft áhrif á viðhorf barns til umhyggju fyrir öðrum.



Að mynda hljóð og hlusta

Að syngja, spila og dansa hefur frá aldaöldli verið tjáningaraðferð fólks við ýmis tækifæri.

Hljómlistin gegnir stóru hlutverki í þroskaferli barnsins.

Mannsröddin er upprunalegasta hljóðfærið í umhverfi barnsins og það nærtækasta. Röddin býr yfir hinum ýmsu blæbrigðum og hún getur miðlað hlýju, uppörvun, gleði, sorg, ótta og reiði.

Söngurinn á yfirleitt greiða leið að hjarta barnsins, það hefur yndi af að syngja. Í söngnum fá mörg börn fullnægt tjáningarþörf sinni og það slaknar á innri spennu.

Barnið lærir einfaldar vísur þrátt fyrir takmarkaðan orðaforða og skilning, og uppgötvar hraða, hljóðfall, tónhæð og styrk. Söngurinn er oft tákn um vellíðan og ánægju og barni sem raular við leik sinn líður vel.

Barninu er eðlilegt að tengja saman tónlist og hreyfingu. Það hreyfir sig eðlilega og óþvingað eftir hljóðfallinu, og ýmis einföld ásláttarhljóðfæri veita því gleði og tilfinningu fyrir takti. Síðar taka við hljóðfæri, s. s. sílófónar, blokkflautur og munnhörpur.

Fögnuðurinn yfir því að geta sjálft framkallað hljóð og tóna verður ef til vill grundvöllur raunverulegs tónlistaráhuga síðar.

Hljómplötur og snældur gefa mikla möguleika til að hlusta á fjölbreytta tónlist. Það örvar barnið í frjálsri túlkun og formföstum hreyfingum eftir mismunandi takti.

Vel saminn texti gefur söngplötum aukið gildi.

Gott og rétt valið leikfang er hægt að nota markvisst sem kennslu og æfingatæki t. d. fyrir börn sem ekki fylgja jafnöldrum sínum hvað andlegan eða líkamlegan þroska snertir.

Bækur

Bækur hafa mikið gildi. Upplestur og frásagnir efla málþroska barnsins og þekkingu þess á tilverunni. Bækur ættu að vera allt í senn, andleg upplyfting, hvíld og fræðsla. Fræðslan ætti alltaf að miðast við þroska barnsins.

Um það bil sem barnið verður ársgamalt er tímabært að sýna því bækur t. d. með dýramyndum og einföldum myndum úr daglegu lífi.

Vísur, þulur og fingraleikir veita bæði börnum og fullorðnum mikla ánægju. Um þriggja ára aldur hafa flest börn náð þroska til að hlusta á og skilja atburðarrás í samhengi.

Fyrstu sögurnar ættu að vera stuttar og auðskildar. Barnið á sér oft eftirlætissögu sem það getur hlustað á aftur og aftur. Það lærir ný orð og hugtök, auk þess sem það finnur til öryggiskenndar og vellíðunar við hið nána samband sem myndast milli þess og sögumannsins. Smátt og smátt vill barnið heyra lengri sögur með flóknari atburðarás.

Uppalendur ættu að hafa í huga, að í gömlum þulum, kvæðum og þjóðsögum er fólgin ómetanlegur fjársjóður, sem miðla ætti næstu kynslóð.



Þegar barnið fer sjálft að geta lesið er mikilvægt að vandað sé til þeirra bóka sem það fær í hendur. Mörg hafa þá náð þeim þroska að kunna einnig að meta nokkru raunsærri bækur sem lýsa atburðum úr veruleikanum og einnig aðstæðum í öðrum löndum. Einfaldar uppsláttarbækur og bækur um manninn, dýrin, blómin, steinana o. s. frv. vekja áhuga.

Varast ber að láta barnið vera eingöngu með mynda- bækur þar sem orðaforði þeirra er mjög takmarkaður.

Gott er að hafa í huga að börn njóta þess að lesið sé fyrir þau þó að þau séu farin að lesa sjálf. Þau geta þá rætt við sögumann um efni sögunnar og fengið skýringar.

*Leikföngum yngstu barnanna
þarf að vera auðvelt að
halda hreinum.*

LEIKFÖNG

**Nokkrar hugmyndir um heppileg leikföng
fyrir börn á fyrsta ári.**

Leikföng til að horfa á:

Hringlur, mismunandi að lit og lögun
Óróar
Blöðrur
Mislit bönd
Myndir af hlutum úr umhverfi barnsins

Leikföng til að hlusta á:

Bjöllur
Spiladósir
Veltileikföng
Bílar, vagnar, dýr sem heyrast í þegar þau eru hreyfð
Pottar, sleifar

Leikföng til að bragða á og finna lykt af:

Naghringir og ýmis önnur leikföng úr gúmmí, tré og plasti

Leikföng til athafna og hreyfileikja:

Tuskubrúður og -dýr
Kubbar til að setja einn í annan
Formakassar



Keilur
Pinnar til að setja í göt
Stórir kubbar
Fingraboltar og tusku- og plastboltar
Bílar, bátar með nokkrum lausum hlutum
Tréleikföng á hjólum til að draga á eftir sér t. d. bílar og litlir vagnar
Kerrur, vagnar til að ýta á undan sér
Gönguhjól
Leikföng í bað, t. d. plastdýr og bátar

*Leikföngin eiga að þola
harkalega meðferð.*

**Nokkrar hugmyndir um heppileg leikföng
fyrir börn á öðru og þriðja ári**

Leikföng til hermileikja:

Brúður
Bangsar, mjúk dýr
Brúðuvagnar, einfaldir og stöðugir með dýnu, kodda og sæng
Veski, körfur
Símar
Spegill
Einföld búsáhöld

Leikföng til að raða og aðgreina:

Einfaldir kubbar, mismunandi að lit, stærð og lögun
Ífellospil með tökkum og myndum af dýrum og hlutum úr daglega lífinu.
Trépúsluspil, einföld sundurtekin mynd

Röðunarsett
Keilur
Formakassar
Stórir kubbar, tré eða plast
Tréperlur, stórar til að þræða upp á band
Pinnar, stórir til þess að setja í þar til gert gataspjald
Trélestir með einföldum tengingum

Leikföng til hreyfileikja:

Stórir boltar
Slagtré
Leikföng til að ýta á undan sér og draga á eftir sér
Leikföng til að spyrna sér á, t. d. bílar, gönguhjól
Hjólbörur

Leikföng til sandleikja:

Fötur, skóflur, sigti.

Leikföng til vatnsleikja:

Plastdýr, plastbátar, ausur, dósir.

Leikföng til skapandi leikja:

Stórir litir
Stór blöð
Leir



Leikföng til að mynda hljóð:

Spiladósir
Ásláttarhljóðfæri

Myndabækur:

Allar myndir eiga að vera stórar, skýrar og einfaldar af mönnum, hlutum og dýrum, sem börnin þekkja.

*Leikföngin eiga að vera
hættulaus.*

**Nokkrar hugmyndir um heppileg leikföng
fyrir 3–6 ára börn**

Leikföng til hermileikja og ímyndunarleikja:

Brúður
Brúðuföt
Bangsar
Brúðurúm, brúðuvöggur, brúðuvagnar og sængurföt
Pottar, bollastell og önnur búsáhöld
Sveitabær, dýr úr plasti eða tré
Bílar, bátar, flugvélar, járnbrautarlestir
Handbrúður

Leikföng til byggingaleikja:

Kubbar, margar gerðir og stærðir
Leikföng til að setja saman
Einfaldir samsetningarkubbar (samtengdir)

Leikföng til að raða og aðgreina:

Púsluspil, mismunandi gerðir
Samstæðuspil, myndabingó, myndadóminó
Myndaþrautir
Einföld teningaspil
Perlur til að þræða upp, úr tré eða plasti
Pinnar til þess að setja í þar til gert gataspjald

Leikföng til hreyfileikja:

Boltar
Kaðalstigar og önnur klifurleikföng
Sippubönd

Leikföng til sandleikja:


Fötur, skóflur, ýmis farartæki, myllur, sigti

Leikföng til vatnsleikja:

Bátar, boltar, vatnsdælur, trektir

Leikföng til sköpunarleikja:

Litir, pappír, mismunandi gerðir
Skæri
Lím
Vatnslitir, fingramálning
Kritartöflur, kritt
Saumakort
Vefstólar



Leikföng til að mynda hljóð:

Trommur
Taktpinnar
Bjöllur
Bjölluhringir
Hristur
Sílófónar



Bækur

Myndabækur
Sögur og ævintýri
Fjölræðibækur

Gott leikfang er hægt að nota á ýmsan hátt með ólík markmið í huga. Því fleiri þátta í persónuleika barnsins sem leikfangið höfðar til því betra.

Nokkrar hugmyndir um heppileg leikföng fyrir 6 ára börn og eldri

Leikföng til ímyndunar- og hlutverkjaleikja:

Fjölbreytt úrval af leikföngum til mömmuleikja
Farartæki af mörgum gerðum og stærðum
Umferðarmerki
Menn og dýr úr tré eða plasti
Handbrúður
Fingrabrúður
Strengjabrúður, einfaldar

Leikföng til að raða og aðgreina:

Athyglisspil
Púsluspil
Teningaspil
Myndaþrautir
Samstæðuspil mismunandi áferð í stað mynda, heppileg fyrir blinda og sjónskerta
Pinnar og perlur úr plasti eða tré
Bókstafa- og tölustafakubbar
Klukkan
Hnattlíkan
Kort af Íslandi
Stækkunargler
Segulstál
Vog, málband og lítramál
Tafl



Leikföng til byggingaleikja:

Samsetningarkubbar
Mekkanó
Kubbar til að byggja úr, mismunandi stærðir og gerðir
Verkfæri til smíða

Leikföng til hreyfileikja:

Klifurleikföng, rimlar, kaðlar o. fl.
Sippubönd
Stultur
Flugdrekur

Leikföng til að mynda hljóð:

Trommur
Þríhorn
Sílófónar
Munnhörpur
Bjölluhringir
Kastaníettur

Leikföng til skapandi starfs:

Litir, pappír, mismunandi gerðir
Vatnslitir, fingramálning
Leir, leikdeig, pappírsmassi
Lím
Skæri
Vefstólar
Strammi, garn og strigi
Kritartöflur, krít
Sandur



Bækur:

Sögubækur, ævintýri
Fjölfræðibækur um mannlíkamann, mismunandi lifnaðarhætti, önnur lönd, dýr, plöntur og himintunglin
Vísnaðabækur og þulur



Vert er að benda á að flest þeirra leikfanga, sem talin hafa verið upp sem heppileg fyrir ákveðna aldurshópa barna, hafa að sjálfsögðu gildi fyrir börn sem eru bæði nokkru yngri og eldri en þessi flokkun gefur til kynna.



EFNISYFIRLIT

FYRSTA ÁRIÐ	3
EINS TIL TVEGGJA ÁRA BÖRN	4
ÞRIGGJA TIL SEX ÁRA BÖRN	6
SEX ÁRA BÖRN OG ELDRI	7
LEIKIR	8

LEIKFÖNG:	
FYRIR BÖRN Á FYRSTA ÁRI	14
FYRIR BÖRN Á ÖÐRU OG ÞRÍÐJA ÁRI	15
FYRIR 3–6 ÁRA	17
FYRIR 6 ÁRA OG ELDRI	19



Leikföng eiga að vera alhliða og fjölbreytt, og mæta þörf barnsins fyrir mismunandi leiki og áhugamál.

1870
[Illegible text]

[Illegible text]

[Illegible text]

*Leikföng
sem búin hafa verið til
með alúð og valin
með tilliti til þroska barnsins,
stuðla að heilbrigðum
og eðlilegum
framförum.*

VÖLUSKRÍN
KLAPPARSTÍG 26 sími 15135

Barnavinafélagið Sumargjöf

